

HS Veitur hf.

Samandreginn

árshlutareikningur

1.1.-30.06.2024

HS Veitur hf.
Brekustíg 36
260 Reykjanesbæ
kt. 431208-0590

HS Veitur hf.

Samandreginn
árshlutareikningur

1.1.-30.06.2024

Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3-4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-13

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árs hlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árs hlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 12. september 2024

Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins kr 5.303 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 497 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 35.479 milljónum, bókfært eigið fé er kr. 16.222 milljónir og er eiginfjárhlutfall félagsins 45,72%. Enginn arður var greiddur á tímabilinu og engin eigin bréf voru keypt.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 3 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 49,8% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Reykjanesi undanfarin þrjú ár. Talið er að um langvarandi goshrinu gæti verið að ræða og líkur á endurteknum jarðhræringum og eldgosum næstu árin. Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni og rafmagni að hluta er staðsett í grennd við þau svæði þar sem gosið hefur undanfarin ár. Fyrirtækið hefur gripið til ýmissa aðgerða til að verja eignir og minnka líkur á þjónusturofi, meðal annars með styrkingu rafdreifikerfisins til að það þoli meira álag og uppsetningu varavatsnbóls í Árnarétt í Garði. Stjórnvöld, sveitarfélög á Suðurnesjum og aðrir hagsmunaaðilar hafa enn fremur unnið að fjölmörgum verkefnum til að verja innviði og auka áfallaþol orku- og veitukerfanna á svæðinu. Náttúruhamfarir í lok árs 2023 og byrjun árs 2024 hafa valdið tjóni á dreifikerfum HS Veitna í Grindavík og orsakaði víðtækt heitavatsleysi í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Vogum í febrúar 2024 þegar hraun skemmdi heitavatslögn HS Orku til Fitja.

Áhrifin af jarðhræringunum gætu komið fram í auknum viðhaldskostnaði sem félagið þarf að fara í til að koma dreifikerfinu í lag eftir skjálfta og eldgos. Endanleg mat á tjóni liggur ekki fyrir og óvissa ríkir um framtíðarhorfur á svæðinu.

Þrátt fyrir að ekki séu taldar líkur á langvarandi rafmagnsleysi vegna mögulegra náttúruhamfara á Reykjanesi þá er enn áhætta í rekstri HS Veitna hvað varðar raforkuöryggi á Suðurnesjum á meðan Suðurnesjalína 2 er ekki komin í gagnið. Það horfir þó til bjartari tíma þar sem á árinu 2024 fékk Landsnet framkvæmdaleyfi eftir margra ára leyfisferli og er áætlað að framkvæmdir muni hefjast síðari hluta ársins og ljúka haustið 2025. Það er mikið fagnaðarefni fyrir Suðurnesin en hins vegar er enn áskorun á landsvísi að raforka er af skornum skammti í landinu. Mun það hafa áhrif á rekstur HS Veitna ef ekki fæst það magn af rafmagni sem eftirspurn er eftir til dreifingar og jafnvel ef gripið verður til frekari skerðinga.

Raforkuöryggi er einnig ábótavant í Vestmannaeyjum en þar horfir þó til betri vegar því Landsnet hefur áform um að leggja tvo nýja rafstrengi og áætlað að því verki ljúki síðari hluta ársins 2025.

Neðansjávarlögn Vestmannaeyjabæjar sem flytur kalt vatn til Eyja skemmdist þegar Huginn VE55 olli tjóni á henni. HS Veitur eiga og reka vatnsveituna í Vestmannaeyjum og hafa afnotarétt af neðansjávarlögn til að flytja neysluvatn frá landi til Eyja og hafa fyrirframgreitt Vestmannaeyjabæ fyrir afnotin til ársins 2044. Samkvæmt samningi sjá HS Veitur um rekstur neðansjávarlagnarinnar og hafa verið í aðgerðum til að tryggja að vatn berist áfram um lögnina. HS Veitur hafa með vísun í forsendubrest og vanefndir á samningi óskað eftir að Vestmannaeyjabær leysi til sín vatnsveituna. Óvissa er uppi um endanleg málalok vegna þessa.

Aðfangakeðjan hefur að mestu verið í lagi, hins vegar hefur talsverð hækkun á vörum ásamt því að keypt var inn meira magn af aðföngum vegna hægari framleiðsluhraða gert það að verkum að birgðastaða er nokkuð hærri heldur en um áramót.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2024, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 12. september 2024

Í stjórn

Guðný Birna Guðmundsdóttir
stjórnarformaður

Heiðar Guðjónsson

Friðjón Einarsson

Andri Freyr Stefánsson

Margrét Sanders

Þórunn Helga Þórðardóttir

Ómar Örn Tryggvason

Forstjóri

Páll Erland

Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.06.2024

		2024 01.01.-30.06	2023 01.01.-30.06
Rekstrartekjur	7	5.303.041	4.971.642
Kostnaðarverð sölu		(3.484.846)	(3.209.684)
Vergur hagnaður		<u>1.818.195</u>	<u>1.761.958</u>
Annar rekstrarkostnaður		(519.144)	(443.207)
Rekstrarhagnaður		<u>1.299.052</u>	<u>1.318.751</u>
Fjármunatekjur		90.441	78.358
Fjármagnsgjöld		(788.496)	(1.042.625)
Gengismunur		130	(936)
	8	<u>(697.924)</u>	<u>(965.203)</u>
Hagnaður fyrir skatta		601.128	353.548
Tekjuskattur		(104.465)	(37.413)
Heildarhagnaður tímabilsins		<u><u>496.663</u></u>	<u><u>316.135</u></u>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,71	0,45
Aðrar upplýsingar:			
EBITDA		1.881.317	1.877.407

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

Eignir	30.6.2024	31.12.2023
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	31.263.222	30.990.950
Óefnislegar eignir	388.124	402.247
Leigueignir	337.595	330.428
Eignarhlutar í félögum	34.214	34.214
	<u>32.023.154</u>	<u>31.757.839</u>
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	941.634	814.464
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.187.497	1.391.915
Handbært fé	1.326.706	979.327
	<u>3.455.837</u>	<u>3.185.705</u>
Eignir	<u>35.478.991</u>	<u>34.943.544</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hlutfé	700.950	700.950
Lögbundinn varasjóður	175.238	175.238
Endurmatsreikningur	3.909.958	3.995.491
Óráðstafað eigið fé	11.436.051	10.853.855
	<u>16.222.197</u>	<u>15.725.534</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar		
Vaxtaberandi skuldir	9 13.652.181	13.704.925
Leiguskuldbindingar	11 363.450	353.439
Fyrirframinnheimtar tekjur	10 406.650	441.158
Tekjuskattskuldbinding	2.389.978	2.384.383
	<u>16.812.259</u>	<u>16.883.905</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.190.172	1.049.921
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.084.358	1.029.503
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	1.927	1.824
Ógreiddir reiknaðir skattar	98.871	183.651
Fyrirframinnheimtar tekjur	69.207	69.207
	<u>2.444.535</u>	<u>2.334.105</u>
	<u>19.256.795</u>	<u>19.218.010</u>
	<u>35.478.991</u>	<u>34.943.544</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6 2024

	2024	2023
	01.01.-30.06	01.01.-30.06
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	1.299.052	1.318.751
Afskriftir	582.265	558.655
Söluhagnaður fastafjármuna	(11.002)	(6.371)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>1.870.315</u>	<u>1.871.035</u>
Vörubirgðir, (hækkun)	(127.171)	(196.110)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun	224.081	213.786
Rekstartengdar skuldir, hækkun	13.619	104.178
Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun)	(34.509)	(36.165)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>1.946.335</u>	<u>1.956.725</u>
Innborgaðir vextir og arður	71.037	58.954
Greiddir vextir	(261.359)	(261.913)
Greiddir skattar	(59.917)	(74.710)
Handbært fé frá rekstri	<u>1.696.097</u>	<u>1.679.056</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(840.918)	(789.999)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	15.113	8.965
	<u>(825.805)</u>	<u>(781.035)</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(521.996)	(473.014)
Afborganir leiguskuldbindinga	(917)	(832)
Keypt eignir bréf	0	(500.000)
	<u>(522.913)</u>	<u>(973.845)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár	347.379	(75.824)
Handbært fé í upphafi tímabils	979.327	1.460.215
	<u>1.326.706</u>	<u>1.384.392</u>

Eiginfjáryfirlit 1.1.-30.6 2023

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2023	724.800	181.200	4.166.664	10.129.488	15.202.152
Keypt eigin bréf	(23.850)	(5.963)		(470.188)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins				316.135	316.135
Upplausn afskrifta af endurmati			(85.640)	85.640	0
Eigið fé 30. júní 2023	<u>700.950</u>	<u>175.238</u>	<u>4.081.024</u>	<u>10.061.076</u>	<u>15.018.287</u>
Eigið fé 1. janúar 2024	700.950	175.238	3.995.491	10.853.855	15.725.534
Keypt eigin bréf					0
Heildarafkoma tímabilsins				496.663	496.663
Upplausn afskrifta af endurmati			(85.533)	85.533	0
Eigið fé 30. júní 2024	<u>700.950</u>	<u>175.238</u>	<u>3.909.958</u>	<u>11.436.051</u>	<u>16.222.197</u>

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 701 millj. kr. þann 30. júní 2024 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2023. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2023. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess www.hsveitur.is

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 var samþykktur af stjórn þann 12. september 2024.

5. Stýring fjármáalegrar áhættu

Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármáalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Skýringar

5. Stýring fjármálaeigar áhættu (framhald)

Lánsáhætta

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisyrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna og framtíðarhorfa.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaútgáfum félagsins eru ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2024 er leyft WACC 5,86% fyrir skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjuramma er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð skuldbinding vegna hugsanlega oftekinna tekna. Uppsafnaðar tekjuheimildir HS Veitna hf. í árslok 2023 voru ofteknar um 141 milljónir króna.

Skýringar

6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

1. janúar til 30. júní 2024	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	2.941.850	1.750.234	517.640	93.317	5.303.041
Rekstrarafkoma starfsþátta	880.325	306.617	107.702	4.408	1.299.052
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(697.924)
Tekjuskattur					(104.465)
Heilarhagnaður ársins					<u>496.663</u>
Eignir starfsþátta	19.583.213	8.939.168	3.392.791	73.768	31.988.940
Óskiptar eignir					<u>3.490.051</u>
Eignir samtals					<u>35.478.991</u>
Óskiptar skuldir					19.256.795
Fjárfestingar	689.260	89.863	60.922	872	840.918
Afskriftir	341.447	174.631	64.874	1.313	582.265
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.881.317
1. janúar til 30. júní 2023					
Rekstrartekjur samtals	2.774.391	1.614.127	471.370	111.754	4.971.642
Rekstrarafkoma starfsþátta	919.815	237.036	159.012	2.889	1.318.751
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(965.203)
Tekjuskattur					(37.413)
Heilarhagnaður ársins					<u>316.135</u>
Eignir starfsþátta	18.513.412	8.984.627	3.366.511	79.960	30.944.510
Óskiptar eignir					<u>3.343.224</u>
Eignir samtals					<u>34.287.735</u>
Óskiptar skuldir					18.227.218
Fjárfestingar	556.274	178.640	54.881	62	789.856
Afskriftir	322.806	170.239	64.109	1.500	558.655
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.877.407

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	1.1.-30.06.2024	1.1.-30.06.2023
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankareikningum	67.791	62.057
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	22.595	16.269
Aðrar vaxtatekjur	1	0
	<u>90.386</u>	<u>78.326</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af langtímalánum	(271.863)	(275.002)
Verðbætur langtímalána	(514.872)	(760.534)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(930)	(5.229)
Annar fjármagnskostnaður	(831)	(1.860)
	<u>(788.496)</u>	<u>(1.042.625)</u>
Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:		
Gengismunur	130	(936)
	<u>130</u>	<u>(936)</u>
	<u>(697.979)</u>	<u>(965.235)</u>

8. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6.2024	31.12.2023
Vaxtaberandi skuldir	14.736.540	14.734.428
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	(1.084.358)	(1.029.503)
Langtímaskuldir í árslok	<u>13.652.181</u>	<u>13.704.925</u>
Afborðanir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2024	31.12.2023
Afborðanir 1.7.2024-30.6.2025/2024	1.084.358	1.029.503
Afborðanir 1.7.2025-30.6.2026 / 2025	1.121.956	1.065.191
Afborðanir 1.7.2026-30.6.2027 / 2026	1.160.874	1.102.132
Afborðanir 1.7.2027-30.6.2028 / 2027	1.201.159	1.140.370
Afborðanir 1.7.2028-30.6.2029 / 2028	1.242.860	1.179.952
Afborðanir síðar og til 2042	7.739.907	8.100.906
	<u>13.551.113</u>	<u>13.618.055</u>
Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:		
	30.6.2024	31.12.2023
Óveðtryggt skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	2,94%	2,94%

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 101 milljónum króna þann 30. júní 2024 (31. desember 2023: 110 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

Skýringar

9. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið selur þjónustu til HS Orku hf. á sviði reikningagerðar og innheimtu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna.

10. Leiguskuldbindingar

	Leiguskuldbindingar	
	30.6.2024	31.12.2023
Leiguskuldbindingar	365.378	355.262
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	(1.927)	(1.824)
Langtímaskuldir í árslok	363.450	353.439
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2024	31.12.2023
1.7.2024-30.6.2025 / 2024	1.927	1.824
1.7.2025-30.6.2026 / 2025	2.033	1.924
1.7.2026-30.6.2027 / 2026	2.145	2.029
1.7.2027-30.6.2028 / 2027	2.262	2.141
1.7.2028-30.6.2029 / 2028	2.386	2.258
Afborganir síðar	354.624	345.086
	365.378	355.262

Undirritunarsíða

Árshlutareikningur
Guðný Birna Guðmundsdóttir

Árshlutareikningur
Heiðar Guðjónsson

Árshlutareikningur
Margrét Ólöf A Sanders

Árshlutareikningur
Friðjón Einarsson

Árshlutareikningur
Ómar Örn Tryggvason

Árshlutareikningur
Þórunn Helga Þórðardóttir

Árshlutareikningur
Andri Freyr Stefánsson

Árshlutareikningur
Páll Erland Landry

Árshlutareikningur
Kristján Þór Ragnarsson

Árshlutareikningur
Heiðar Þór Karlsson